

Fjárlaganefnd Alþingis

Norðurlandi eystra, 5. desember 2023

**Efni: Umsögn stjórnar SSNE um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl., 468. Mál.**

Á 57. fundi stjórnar SSNE sem haldinn var 29. Nóvember síðastliðinn var eftirfarandi bókun samþykkt:

*Stjórn SSNE telur nauðsynlegt að endurskoða hugmyndir um afnám tolfrelsis skemmtiferðaskipa og telur heppilegra ef unnin væri stefnumörkun til framtíðar varðandi móttöku skemmtiferðaskipa á Íslandi áður en svo stórar ákvarðanir eru teknar um greinina.*

*Komur skemmtiferðaskipa skipta miklu máli þegar kemur að rekstri hafna um landið og er ljóst að ef af afnámi tolfrelsis verður muni líklega t.a.m. öll þau litlu skemmtiferðaskip sem heimsækja hafnir víða um Norðurland eystra hætta að sigla á þessar hafnir. Flest þessara skipa sem hér um ræðir eru ný og sennilega með umhverfisvænustu skipunum. Jafnframt eru það fyrst og fremst efnaðir ferðamenn sem ferðast með þessum skipum sem skiija mikið eftir sig. Fjölmargar úttektir hafa sýnt að skemmtiferðaskipin hafa jákvæð áhrif á efnahag svæðisins og er það sérstaklega mikilvægt fyrir brothætt svæði eins og t.a.m. Grímsey og Hrísey en báðar eyjarnar hafa verið að taka á móti þessum skipum í auknum mæli síðustu ár.*

*Þá bendir stjórn SSNE á mikilvægi þess að við fyrirhugaðar breytingar á gistináttaskatti verði tryggt að hann renni til sveitarfélaga líkt og fram hefur komið í stjórnarsáttmálum síðustu tveggja ríkisstjórna.*

*Stjórn SSNE vill að lokum benda á að skemmtiferðaskipin eru sá hluti ferðaþjónustunnar sem hvað best dreifir ferðamönnum um landið og því ljóst að frumvarpið vinnur beinlínis gegn stefnu stjórnvalda um jafnari dreifingu ferðamanna um landið.*

Tilkynnist þetta hér með.

Virðingarfyllst  
F.h. SSNE

*Albertina Fr. Elíasdóttir*  
Framkvæmdastjóri